

**FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR  
SAGA FJÁRFESTINGARBANKA HF. 2011**

**HALDINN Á SKRIFSTOFUM BANKANS AÐ HAFNARSTRÆTI 53, AKUREYRI  
FIMMTUDAGINN 30. JÚNÍ KL. 15.00**

Gunnar Þór Gíslason formaður stjórnar setti fundinn. Fundarstjóri var kosinn Gunnar Þór Gíslason og Vilhjálmur Bergs hdl. á lögfræðisviði Saga Fjárfestingarbanka hf. fundarritari. Gunnar lýsti fundinn settan.

Fundurinn er löglega boðaður og lögmætur að fjalla um þau mál sem undir hann eru borin. Mætt er fyrir fundinn fyrir hönd Saga Eignarhaldsfélags hf. sem fer með 90,01% hlutfjár í félaginu og Hildu hf. sem fer með 9,99% hlutfjár.

Gengið var til dagskrár.

**1. SKÝRSLA STJÓRNAR UM STARFSEMI SAGA FJÁRFESTINGARBANKA Á ÁRINU 2010**

Formaður stjórnar og forstjóri gerði grein fyrir starfsemi bankans.

**2. ENDURSKOÐAÐUR ÁRSREIKNINGUR SAGA FJÁRFESTINGARBANKA FYRIR ÁRIÐ 2010  
LAGÐUR FRAM TIL STAÐFESTINGAR**

Því næst voru reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.

Stjórn félagsins lagði til að framlagður endurskoðaður ársreikningur yrði samþykktur.

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

**3. ÁKVÖRDUN UM MEÐFERÐ TAPS FÉLAGSINS VEGNA ÁRSINS 2010**

Stjórn Saga Fjárfestingarbanka leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa fyrir starfsárið 2010 og að tap verði fært til lækkunar á eigin fé.

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

**4. TILLAGA UM BREYTINGAR Á LÖGHEIMILI FÉLAGSINS, SBR. 2. GR. SAMÞYKKTA  
FÉLAGSINS**

Lagt er til að nýtt heimili félagsins skv. 2. gr. samþykktu félagsins verði að Höfðatorgi, 14. hæð, Reykjavík.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

**5. TILLAGA UM AÐ AFGREIÐSLU EFTIRFARANDI MÁLA VERÐI FRESTAÐ TIL FRAMHALDSAÐALFUNDAR SEM HALDINN VERÐUR FIMMTUDAGINN 28. JÚLÍ NK. KL. 16.00:**

- a) Stjórnarkjör
- b) Kosning endurskoðunarfélags
- c) Þóknun stjórnar og endurskoðunarfélags
- d) Starfskjarastefna félagsins

Tillagan er samþykkt samhljóða.

**6. TILLAGA UM AÐ STJÓRN FÉLAGSINS OG ENDURSKOÐANDI FÉLAGSINS HALDI UMBOÐI SÍNU FRAM TIL FRAMHALDSAÐALFUNDAR.**

Lagt er til að umboð núverandi stjórnar verði framlengt til framhaldsaðalfundar, en þá skal kosning nýrrar stjórnar fara fram. Jafnframt er lagt til að endurskoðandi haldi umboði sínu til sama tíma.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

**7. ÖNNUR MÁL**

Önnur mál voru ekki borin upp á fundinum.

Því næst sleit fundarstjóri fundi og lauk auglýstum fundarstörfum kl. 15.30.

**FUNDARSTJÓRI**

**FUNDARRITARI**